

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

783. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 11. mars 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri.
2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. mars sl.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 26. febrúar sl.
4. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 26. febrúar sl.
5. Erindi Hörpu Þorvaldsdóttur.
6. Samstarfssamningur um rekstur dagvistar fyrir aldraða í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir atriði er snerta mögulega lagningu hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri. Fram lagðar endurskoðaðar reglur um ráðstöfun niðurgreiðslna vegna nýrra hitaveitna í dreifbýli í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir framlagðar reglur.
2. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. mars sl. lögð fram til kynningar. Elín R. Líndal skýrði einstök atriði fundargerðarinnar.
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 26. febrúar sl. lögð fram til kynningar.
4. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 26. febrúar sl. lögð fram til kynningar.
5. Fram lagt erindi Hörpu Þorvaldsdóttur þar sem hún óskar eftir stuðningi við útgáfu á hljómdisk. Byggðarráð telur sér ekki fært að verða við erindinu.
6. Fram lögð drög að samstarfssamningi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um rekstur dagvistar fyrir aldraða í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.